

Fimmtudaginn 12. desember 1996.

Nr. 235/1996.

Íslenska ríkið

(Jón G. Tómasson hrl.)

gegn

Bergljótu Þórðardóttur

(Gunnar Jónsson hrl.)

Opinberir starfsmenn. Biðlaun. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arn-
ljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1996 og
krefst lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður falli niður í
héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir
Hæstarétti.

Áfrýjandi viðurkennir skyldu sína til að greiða stefndu biðlaun.
Hér fyrir dómi féll áfrýjandi frá þeirri kröfu, að launauppbót frá
júní 1994, að fjárhæð 6.000 krónur, orlofsuppbót frá sama tíma, að
fjárhæð 8.000 krónur, og umkafið hlutfall desemberuppbótar, að
fjárhæð 12.832 krónur, verði dregið frá kröfum stefndu. Fjárhæðir
þessar, sem nema samtals 26.832 krónum, verða því teknar til
greina.

Með vísun til dóms í dómasafni Hæstaréttar 1995, 2342, verður
þriggja mánaða uppsagnarfrestur stefndu talinn til biðlaunatíma.
Óumdeilt er, að stefnda átti rétt á biðlaunum í samtals sex mánuði.
Áfrýjandi greiddi stefndu laun í uppsagnarfresti frá 1. desember
1993 til 28. febrúar 1994. Verður því fallist á með áfrýjanda, að
stefnda eigi ógreidd biðlaun frá 1. mars til 31. maí 1994. Ekki er
ágreiningur um, að stefndu beri 75.000 króna mánaðarlaun á þessu
tímabili, alls 225.000 krónur.

Áfrýjandi krefst þess, að atvinnuleysisbætur, sem stefnda fékk
fyrir mánuðina mars, apríl og maí 1994, verði dregnar frá biðlaunum
á grundvelli skuldajafnaðar. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 um rétt-
indi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa verið skýrð svo, að tekjur,
sem fyrrum starfsmaður ríkisins aflar með vinnu hjá öðrum atvinnu-

veitanda eða sem sjálfstæður atvinnurekandi, skerði ekki rétt hans til biðlauna. Telja verður, að sama eigi við um atvinnuleysisbætur á biðlaunatíma, þótt það leiði af þágildandi 31. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að Atvinnuleysistryggingasjóður geti krafði stefndu um endurgreiðslu atvinnuleysisbóta fyrir greint tímabil. Hins vegar er áfrýjandi ekki réttur aðili til að hafa uppi gagnkröfu um þessar endurgreiðslur á grundvelli skuldajafnaðar. Verður því, eins og kröfugerð er háttað, ekki fallist á, að atvinnuleysisbætur, að fjárhæð 140.253 krónur, verði dregnar frá biðlaunakröfum stefnda.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi því dæmdur til að greiða stefndu alls 251.832 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, íslenska ríkið, greiði stefndu, Bergljótu Þórðardóttur, 251.832 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og hér segir: af 75.000 krónum frá 1. mars 1994 til 1. apríl sama árs, af 150.000 krónum frá þeim degi til 1. maí sama árs, af 225.000 krónum frá þeim degi til 1. júlí sama árs og af 251.832 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefndu samtals 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 1996.

Mál þetta var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu, f. h. stefndu 28. september 1995. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 18. apríl sl.

Stefnandi málsins er Bergljót Þórðardóttir, kt. 141265-5699, Furugrund 32, Kópavogi, en stefndu eru Landmælingar Íslands, kt. 700169-3309, og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér biðlaun að fjárhæð 476.832 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III.

kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 78.472 kr. frá 1. mars 1994 til 1. apríl s. á., af 156.944 kr. frá þeim degi til 1. maí s. á., af 235.416 kr. frá þeim degi til 1. júní s. á., af 313.888 kr. frá þeim degi til 1. júlí s. á., af 398.360 kr. frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en af 476.832 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að áfallnir dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól dómkröfunnar, fyrsta sinni 1. mars 1995, en síðan árlega þann dag.

Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannna Mörkinni 1 sf. og að stefndu verði dæmdir til að bæta stefnanda þann kostnað, sem hún hefur af greiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefndu eru þær, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðin til starfa hjá stefnda Landmælingum Íslands sem fulltrúi skrifstofustjóra með ráðningarsamningi, dags. 7. maí 1992. Ráðningarsamningurinn var gerður á eyðublað starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sem ber yfirskriftina „Ráðningarsamningur ríkisstarfsmanns“. Samkvæmt ráðningarsamningnum skyldu laun stefnanda miðast við launaflokk 506-235-5 hjá launakerfi ríkisins.

Stefnandi kveður umsamin föst mánaðarlaun hafa numið 75.000 kr. miðað við 40 klst. vinnuviku. Mismunur umsaminna mánaðarlauna og þess launaflokks, sem starf stefnanda féll undir skv. launakerfi ríkisins, skyldi greiddur sem yfirvinna án vinnuskyldu. Ráðningarkjör voru að öðru leyti skv. kjarasamningi SFR og ráðningartími óákveðinn, laun fyrir fram greidd og þriggja mánaða gagnkvæmur uppsagnarfrestur.

Með bréfi, dags. 30. nóvember 1993, var stefnanda sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Stefnandi fékk meðmælabréf hjá Kristjáni Guðjónssyni, skrifstofustjóra Landmælinga Íslands, sem dagsett var 14. 12. 1993, en það hljóðar svo:

„Bergljót Þórðardóttir, kt. 141265-5399, hefur unnið hjá Landmælingum Íslands frá því í byrjun árs '92. Starf hennar hefur einkum fólgið í alm. skrifstofustörfum, s. s. bréfaskriftum, sínavörslu og afritatöku úr tölvukerfi stofnunarinnar. Bergljót hefur mætt vel til vinnu, verið lítið frá vegna veikinda og unnið störf sín vel. Á næsta ári verður mikill niðurskurður á framlögum ríkisins til Landmælinga Íslands. Stofnunin verður því að draga saman seglin, og spara í öllum þáttum rekstursins.“

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda, Landmælingum Íslands, bréf, dags. 18. janúar 1994, og fór þess á leit, að gerð yrði grein fyrir ástæðum uppsagnar-

innar og tekin afstaða til kröfu stefnanda um biðlaun. Í svarbréfi, sem dagsett er 1. mars 1994, er sú skoðun látin í ljós, að stofnunin telji sér ekki skylt að greiða stefnanda biðlaun, þar sem ekki hafi verið óskað heimildar ráðherra til að leggja niður starf hennar né annarra starfsmanna stofnunarinnar. Þar var því jafnframt haldið fram, að stofnunin hefði heimild til að breyta áherslum í starfsemi sinni og haga starfsmannahaldi eftir þeim verkefnum, sem brýn væru hverju sinni.

Vegna þessarar afstöðu stefnda Landmælinga Íslands höfðaði stefnandi mál þetta á hendur stefndu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum:

Hún hafi verið ráðin til stefnda, Landmælinga Íslands, sem ríkisstarfsmaður, eins og ráðningarsamningur hennar beri með sér. Þar komi fram, að fara skuli um réttindi hennar og skyldur eftir lögum og reglum þar að lútandi að svo miklu leyti sem ekki sé mælt á annan veg í kjarasamningnum. Ljóst sé, að stefnandi njóti verndar laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og enn fremur samkvæmt ákvæðum í ráðningarsamningi hennar.

Í 14. gr. starfsmannalaga sé kveðið á um rétt starfsmanna til biðlauna í þeim tilfellum, þegar staða þeirra sé lögð niður. Stefndu hafi viðurkennt rétt stefnanda til biðlauna, og þurfi því ekki frekar að rökstyðja þá kröfu hennar.

Stefnandi miðar aðalkröfu sína við umsamin föst mánaðarlaun. Til fastra launa í þessu sambandi teljist mánaðarlaun skv. launaflökki stefnanda, hlutfall desemberuppbótar, orlofsuppbót og launauppbót 1. júní 1994. Auk þess teljist óunnin umsamin yfirvinna til fastra launa í skilningi 14. gr. starfsmannalaga.

Um réttindi til óunninnar yfirvinnu og desemberuppbótar vísist til Hrd. 1990, 452.

Aðalkrafan sé útfærð þannig, að við umsamin laun bætist hlutfall desemberuppbótar, 2.139 kr., og hlutfall orlofsuppbótar, 1.333 kr. Stefnujárhæð sé enn fremur mynduð af 6.000 kr., sem séu launauppbót, sem gjaldfallið hafi 1. júní 1994 ($75.000 + 2.139 + 1.333 = 78.472 \times 6 = 470.832 + 6.000 = 476.832$).

Dráttarvaxtakrafa stefnanda miðast við, að júníuppbót launa beri dráttarvexti frá 1. júlí 1994, enda þótt uppbótin hafi átt að koma til greiðslu 1. júní s. á., þar sem stefnandi hafi fengið laun sín greidd fyrir fram.

Stefnandi reisir málsókn sína á réttindum stefnanda sem ríkisstarfsmanns, en skv. ráðningarsamningi eigi hún að njóta þeirra réttinda, sem lög nr. 38/1954 veiti, þar á meðal biðlaunaréttinda.

Stefnandi styður dráttarvaxtakröfu sína með vísan til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, en vísar til 130. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni.

Krafan um kostnað vegna virðisaukaskatts á aðkeypta lögmannsþjónustu sé skaðleysiskrafa, reist á lögum nr. 50/1988, en nauðsynlegt sé að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyld.

Stefndu styðja málsvörn sína þeim rökum, að stefnandi eigi aðeins rétt á biðlaunum í þrjá mánuði, þar sem hún hafi notið þriggja mánaða upp-sagnarfrests. Vísa stefndu til dóms Hæstaréttar Íslands frá 19. október 1995 í málinu nr. 93/1994 þessu til stuðnings. Því beri að draga frá kröfu stefnanda föst laun hennar, eins og þau hefðu orðið mánuðina júní, júlí og ágúst 1994, samtals 225.000 kr. Þá taki biðlaunaréttur stefnanda ekki til launa-uppbótar frá júní 1994, að fjárhæð 6.000 kr., né heldur til orlofsuppbótar frá sama tíma, að fjárhæð 8.000 kr., svo og umkrafins hlutfalls desemberuppbótar, að fjárhæð 12.832 kr. Aðeins geti komið til greiðslu þess, sem falli undir hugtakið föst laun í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954. Einnig beri að draga frá kröfum stefnanda greiddar atvinnuleysisbætur á biðlaunatíma, að fjárhæð 140.253 kr., sbr. ákvæði 31. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Biðlaun og atvinnuleysisbætur séu lögum samkvæmt ósamrýmanleg réttindi. Stefndu telji því, að stefnandi eigi aðeins rétt á biðlaunum, sem nemi 84.747 krónum.

Fallist dómurinn á, að stefnandi eigi rétt á biðlaunum í sex mánuði, telja stefndu, að draga beri frá dómkröfum hennar greiddar atvinnuleysisbætur fyrir sama tímabil, samtals að fjárhæð 287.182 kr. Enn fremur skuli draga frá launauppbót og orlofsuppbót frá júní 1994 svo og desemberuppbót, sem fyrr greinir. Stefndu telja því, að stefnandi eigi aðeins rétt á biðlaunum, að fjárhæð 162.818 kr., þótt miðað væri við sex mánaða biðlaunatíma.

Stefndu mótmæla dráttarvaxtakröfu stefnanda, að því er varðar upphafstíma umkrafinna dráttarvaxta, og telja, að miða beri við þingfestingardag, enda hafi fjármálaráðherra ekki verið krafinn um greiðslu biðlauna fyrr en með málsókn þessari.

Til stuðnings kröfu sinni um, að málskostnaður verði látinn niður falla, vísa stefndu til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða.

Málsaðilar eru sammála um það, að föst mánaðarlaun stefnanda hafi numið 75.000 kr., þar með talin óunnin ómæld yfirvinna. Þá hafa stefndu viðurkennt rétt stefnanda til biðlauna.

Ágreiningur þeirra er um neðangreind atriði:

1. Hvort til biðlauna teljist hlutfall desemberuppbótar á laun stefnanda, að fjárhæð 12.832 kr.
2. Hvort stefnandi eigi rétt til launauppbótar, að fjárhæð 6.000 kr., samkvæmt þágildandi kjarasamningum, sem greidd skyldi 1. júní 1994.
3. Hvort stefnanda beri að fá greidda orlofsuppbót, að fjárhæð 8.000 kr., sem hluta af biðlaunum.
4. Hvort skerða skuli lögbundin biðlaun stefnanda, sem svari til þriggja mánaða uppsagnarfrests hennar, samtals að fjárhæð 225.000 kr.
5. Hvort lækka beri kröfu stefnanda, sem svari til atvinnuleysisbóta, er hún fékk greiddar, meðan hún naut biðlauna frá stefnda.

Afstaða dómsins til ofangreindra atriða er sem hér segir:

Um 1. tölulið.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 93/1994: Geirlaug Sigurðardóttir gegn St. Jósefsspítala, er það staðfest, að desemberuppbót á laun skuli teljast til biðlauna svo og hlutfall desemberuppbótar, þegar starfstími viðkomandi starfsmanns fyllir ekki árið. Engin efni eru til, eins og hér stendur á, að víkja frá þeirri réttarreglu, sem Hæstiréttur hefur myndað, enda mælir kjarasamningur sá, er ákvarðar kjör ríkisstarfsmanna, að greiða skuli starfsmanni, sem lætur af störfum, hlutfall desemberuppbótar miðað við starfstíma hans á því ári.

Með vísan til þessa er fallist á kröfu stefnanda um hlutfall af desemberuppbót fyrir árið 1994, enda hafa stefndu ekki mótmælt kröfunni tölulega.

Um 2. og 3. tölulið.

Ljóst er, að stefnandi myndi hafa notið þeirra kjara skv. þágildandi kjarasamningum, sem þessir kröfuliðir hennar fjalla um, hefði hún haldið áfram starfi hjá stefnda Landmælingum Íslands.

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur tekið afstöðu til þessa álitaefnis í a. m. k. tveimur málum, máli nr. E-4032/1993 og E-671/1995. Þar var fallist á, að orlofsuppbót og launauppbót skuli fylgja biðlaunarétti. Málum þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Kröfur stefnanda í máli þessu eru í meginatriðum efnislega samhljóða kröfum þeim, sem til úrlausnar voru í framangreindum dómsmálum. Ekki þykir ástæða til að víkja frá því forðæmi, sem gefið hefur verið í þessum málum, enda myndi það valda réttaróvissu og fæli í sér mismunun milli hlutaðeigandi málsaðila.

Niðurstaðan er því sú samkvæmt þessum töluliðum, að stefnandi eigi rétt til launauppbótar, að fjárhæð 6.000 kr., og orlofsuppbótar, að fjárhæð 8.000 kr.

Um 4. tölulið.

Eins og áður segir, gera stefndu kröfu til þess, að biðlaunakrafa stefnanda verði skert, sem svari til launa í uppsagnarfresti hennar, þ. e. um 225.000 kr. Vísa stefndu til áðurnefnds hæstaréttardóms í máli nr. 93/1994 til stuðnings þeirri kröfu.

Í tilvitnuðum dómi Hæstaréttar segir m. a., að líta verði til tilgangs biðlaunareglu 14. gr. laga nr. 38/1954, en hann sé sá að tryggja starfsmanni laun, sem svari ríflegum uppsagnarfresti, þegar staða hans sé lögð niður. Með vísan til þessa dæmir Hæstiréttur viðkomandi starfsmanni biðlaun í 9 mánuði í stað 12 mánaða, sem krafist var. Í dóminum segir: „Því þykir rétt, að þriggja mánaða uppsagnarfrestur áfrýjanda teljist til 12 mánaða biðlaunatímans.“

Í máli því, sem hér er til úrlausnar, er viðurkennt, að stefnandi átti rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests og biðlauna í sex mánuði.

Dómurinn lítur svo á, að biðlaun í sex mánuði svari til ríflegs uppsagnarfrests, eins og segir í dómi Hæstaréttar. Af þessu leiðir, að ekki er fallist á þá kröfu stefndu, að telja beri þriggja mánaða uppsagnarfrest stefnanda til biðlaunatímans og lækka skuli kröfu hennar samsvarandi.

Um 5. tölulið.

Liggur þá síðast fyrir að taka afstöðu til þeirrar kröfu stefndu, að draga beri frá kröfu stefnanda þá fjárhæð, sem stefnandi fékk greidda í atvinnuleysisbætur á biðlaunatíma.

Með vísan til þeirrar niðurstöðu dómsins, að stefnandi eigi rétt á biðlaunum í sex mánuði, hefur stefnandi þegið atvinnuleysisbætur, að fjárhæð 287.182 kr., á þessu tímabili skv. upplýsingum stefndu. Stefnandi hefur ekki mótmælt þessari fjárhæð.

Stefndu halda því fram, að réttur til biðlauna og atvinnuleysisbætur fari ekki saman, með vísan til 31. gr. laga nr. 94 frá 1986. Fyrsti málslíður tilvitnaðrar lagagreinar hljóðar svo: „Opinberir starfsmenn, sem lög þessi taka til og ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma.“

Samkvæmt þessari lagagrein átti stefnandi ekki rétt til þeirra atvinnuleysisbóta, sem hún hefur þegið, þar sem stefndu hafa nú fallist á rétt hennar til biðlauna. Viðurkenning stefndu í þessa veru lá hins vegar ekki fyrir fyrr en eftir, að mál þetta hafði verið höfðað.

Stefnandi hefur viðurkennt, að hún muni þurfa að endurgreiða þá fjárhæð, sem hún hefur fengið greidda í atvinnuleysisbætur á biðlaunatíma, verði eftir því leitað, en hafnar því með öllu, að beitt verði skuldajöfnuði,

og telur, að skuldajöfnunarrétti séu þröngar skorður settar í lögum, sé um vinnulaun að ræða.

Það er álit dómsins í þessu tilliti, að ekki séu skilyrði til skuldajöfnunar, eins og mál þetta er vaxið. Atvinnuleysistryggingasjóður er réttur aðili að þeirri kröfu, sem stefndu hyggjast nýta sér til skuldajöfnunar. Skv. lögum nr. 93/1993, sbr. lög nr. 96/1990, er Atvinnuleysistryggingasjóður sjálfstætt stjórnvald innan stjórnskipunarinnar. Sjóðurinn hefur sérstaka stjórn og ákveðna markaða tekjustofna og sjálfstæða fjármálalega umsýslu, en Tryggingastofnun ríkisins fer með daglega afgreiðslu og umsýslu fyrir sjóðsins hönd. Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að þeir hafi fengið umrædda kröfu framselda, og hafa því ekki forræði yfir henni.

Skuldajöfnunarkröfu stefndu er því hafnað.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er niðurstaða dómsins sú, að fallist er að öllu leyti á kröfur stefnanda.

Þá þykir og rétt að fallast á dráttarvaxtakröfu stefnanda, enda var stefnda Landmælingum Íslands ritað bréf 18. janúar 1994, rúmum mánuði áður en uppsögn stefnanda tók gildi, og þess óskað, að afstaða yrði tekin til biðlaunaréttar stefnanda. Kröfu stefnanda um biðlaun var hafnað með bréfi, dags. 1. mars s. á.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 dæmast stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 136.923 kr., þar af 27.023 kr. í virðisaukaskatt.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Landmælingar Íslands og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Bergljótu Þórðardóttur, 476.832 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 78.472 kr. frá 1. mars 1994 til 1. apríl s. á., af 156.944 kr. frá þeim degi til 1. maí s. á., af 235.416 kr. frá þeim degi til 1. júní s. á., af 313.888 kr. frá þeim degi til 1. júlí s. á., af 398.360 kr. frá þeim degi til 1. ágúst s. á., en af 476.832 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Dráttarvextir skulu lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. mars 1995 og síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði stefnanda 136.923 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.